

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

11. desember 2025
UOS2501708/K.K.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30. október 2025 – ID 469

Þann 30. október 2025 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland hf. Ammann 1. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Frávik frá kröfum í starfsleyfi. Útblástursmælingar fyrir árið 2022 voru ekki framkvæmdar. Mælingar í útblæstri voru síðast framkvæmdar þann 15. júlí 2021. Mæla skal efni í útblæstri árlega. Í eftirlitinu kom fram að mæling var framkvæmd 2024 og skilað til stofnunarinnar þann 17. október 2024. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var einnig framkvæmd mæling á útblæstri þann 13. október 2025. Niðurstöður þeirra mælinga bárust stofnuninni þann 3. nóvember. Fráviki er því lokað.

Tvær eldri ábendingar voru opnar þegar eftirlitið fór fram:

1. Bent var á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41, um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram. Engin breyting hefur verið gerð og ábendingin stendur áfram.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila var bent á að í áætlun um rekstrarstöðvun þarf að bæta inn að upplýsa þarf slökkviliðið um flutning stöðvarinnar og áætlun um varnir gegn mengun við uppsetningu stöðva á nýjum staðsetningum.
2. Áfyllingarslangan á neyslugeyminum á ekki að vera þannig útbúin að hún geti legið á jörðinni.

Níu frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri. Engar mælingar á útblæstri voru framkvæmdar árið 2023.

2. Frá gr. 4.2 í starfsleyfi. Skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Útblástursmælingar fyrir árið 2024 voru framkvæmdar þann 9. júlí 2024 og skýrslunni skilað til stofnunarinnar þann 30. apríl 2025 sem er meira en mánuði eftir að mælingar fóru fram. Fráviki lokað.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útblástur skal standast losunarmörk í útblæstri. Samkvæmt skýrslu fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2024 var styrkur ryks og kolmónoxíðs yfir mörkum í starfsleyfi.
4. Gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025. Fráviki lokað.
5. Gr. 2 í reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2023 barst ekki fyrir 1. maí 2024. Fráviki lokað.
6. Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur lausageyma. Lífolía er geymd í fjórum bömbum sem standa ekki í lekabyttu og án allra árekstrarvarna.
7. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs neyslugeyma. Eldsneyti til áfyllingar á farartæki er geymt í olíutanki á lóðinni. Árekstrarvarnirnar eru ófullnægjandi og áfyllingarplanið er að hluta til ekki með lekaheldu yfirborði.
8. Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun. Neyslugeymirinn stendur í halla og ekkert sem kemur í veg fyrir sjálfrennsli frá geyminum.
9. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Útblástur skal standast losunarmörk í útblæstri. Samkvæmt skýrslu fyrir mælingarnar sem fram fóru árið 2025 var styrkur ryks yfir mörkum í starfsleyfi.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Sérfræðingur

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur